

Nd.

544. Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á hafnarbótum í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu og varnir gegn snjóflóðum á sama stað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þingsályktunartillögu þessa. Þingmenn Norður-Múlasýslu hafa einnig borið fram við nefndina óskir hjeraðsbúa í N.-Múlasýslu um hafnarbætur á Vopnafirði. Hafa hvorartveggja þessar málaleitanir verið bornar undir vitamálastjóra, og hefir hann tekið þeim vel.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. tölulið. A eftir orðunum »Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu« komi: og Vopnafirði í Norður-Múlasýslu.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á hafnarbótum og vörnum gegn snjóflóðum.

Alþingi, 9. maí 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Árni Jónsson, frsm.	Jón Guðnason, fundaskrifari.
---------------------------------	------------------------	---------------------------------

Hjeðinn Valdimarsson. Jón Kjartansson.